

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hamraborg 7. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. desember 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Hamraborg. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að byggja inndregna þakhæð á núverandi byggingu um 300 m² að flatarmáli

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álfhólsvegur 135. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 135 við Álfhólsveg. Í deiliskipulaginu felst að 83 m² íbúðarhús byggt 1939 verður rífið og parhús á tveimur hæðum um 180 m² að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarholtsbraut 15. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Borgarholtsbraut 15. Í deiliskipulaginu felst að núverandi íbúðarhús sem er 41 m² að grunnfleti byggt 1943 verður rífið og einbýlishús á einni hæð, að hámarki 180 m² að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 13. júní 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.